

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 28.11. 2025.

Fundur skólaráðs haldinn á fundarherbergi skólans frá kl. 08:15-09:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Margrét Lára Guðmundsdóttir, Arnbjörg Mist Ásgeirsdóttir, Ísafold Breiðfjörð Sigurvinsdóttir og Hafdís Sigurðardóttir Jenný Ósk Óskarsdóttir, Kristín Garðarsdóttir, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir og Sigríður Harpa Hannesdóttir.

Dagskrá:

1. Tengiliður farsældar

Ásta Björk Björnsdóttir kynnti starf sitt og hlutverk tengiliðar farsældar. Fram kom að hún er í 50% starfi sem tengiliður farsældar í vetur hér í Hraunvallaskóla. Viðvera hennar er frá kl. 08:00-16:00 þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Hlutverk tengiliðar er meðal annars að meta þjónustubörf, skipuleggja og fylgja eftir þjónustu á fyrsta stigi. Þá kemur tengiliður upplýsingum til sveitarfélags ef þörf þykir á tilnefningu málstjóra. Einnig getur hann tekið þátt í vinnu stuðningsteymis eftir því sem við á. Hann hefur ávallt hagsmuni barnsins að leiðarljósi og rækir hlutverk sitt í samráði við foreldra og barn. Þannig geta foreldrar og börn leitað til eins aðila sem hefur yfirsýn yfir þjónustukerfið í stað þess að þurfa að fara á marga staði til að leita að slíkum upplýsingum.

2. Skólapúlsinn

Skólastjóri fór yfir fyrstu niðurstöðu mælinga í 6.-10. bekk. Niðurstöðurnar eru hvetjandi og jákvæðar og gefa góð fyrirheit inn í veturinn.

3. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarfið gengur vel. Nýbúið er að halda jólakaffihús sem heppnaðist mjög vel. Mæting var góð og vel gekk að safna í ferðasjóð nemenda í 10. bekk.

4. Öryggismál

Rætt var um lýsingu á skólalóðinni en fulltrúi foreldra og skólastjóri voru búin að fara í vettvangsathugun og taka út lýsinguna. Lýsingin hefur batnað mikið en bæta þarf lýsingu við aðalinngang skólans. Skólastjóri var búinn að koma ábendingu á framfæri við framkvæmdasvið sem tók vel í málið. Einnig var rætt um endurskinsmerkjanotkun nemenda og ákveðið var að hvetja bekkjartengla til að leita leiða til að gefa nemendum endurskinsmerki.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland skólastjóri